

**Stjórnarfundur nr. 14**  
**3. mars 2010 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ**

**Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir**

**1. Alþjóðleg hundasýning 27. -28. febrúar 2010**

**A-2346**

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands fór fram helgina 27. - 28. febrúar 2010 í Reiðhöll Fáks í Víðidal í Reykjavík. Skráðir voru 871 hreinræktaðir hundar af 88 hundakynjum í dóm. Dómarar voru: Angel Garach Domech (Spánn), Benny Blid (Svíþjóð), Elina Tan-Hietalahti (Finnland), Espen Engh (Noregur), Ferelith Somerfield (Bretland), Zlatko Kraljic (Króatía). Viktoría Jensdóttir dæmdi 39 unga sýnendur föstudaginn 26. febrúar. Raket Ósk Sigurðardóttir var ljósmyndari sýningar. Nýr bogaveggur með logo Pedigree, VÍS og HRFÍ var tekinn í notkun á þessari sýningu. Greiddu Pedigree og VÍS fyrir hann. Dómarar lýstu yfir ánægju með frábært starfsfólk og góða skipulagningu. Einnig lýstu þeir yfir ánægju sinni með allt unga fólknið sem tók þátt í sýningunni. Þrátt fyrir slæmt veður þá var aðsókn á sýninguna ágæt. Vegna dræmrar þátttöku var augnskoðun frestað fram til júnísýningarinnar.

**2. Aðalfundir deilda**

Papillon- og phalénédeild 8. mars í húsnæði HRFÍ kl.20

Retrieverdeild 10. mars í húsnæði HRFÍ kl.20

Schäferdeild 18. mars í húsnæði HRFÍ kl.20 – Auður Sif

Schnauzerdeild 11. mars í húsnæði HRFÍ kl.20:00 – Margrét Kjartansdóttir

**3. Smáhundakynning í Garðheimum**

Samkvæmt Antoni Magnússyni hjá Garðheimum tókst kynningin að vanda hreint frábærlega.

Þær tegundir sem mættu í þetta sinn voru:

Papillon, Chihuahua, Griffon, Chinese Crested, Am Coker Spaniel, Silky terrier, Yorkshire Terrier, Border Terrier, Cairn Terrier, Minatur Pincher, Bichon Frise, Boston Terrier, Cavalier, Japanese Chin, Dvergshnauser, Shih Tzu, Maltese, Coton de Tulear, Langhundur, Poodle og Tibet Spaniel. Heimsóknarvinir (Rauðakross hundar) voru á staðnum og hundafimi frá HRFÍ var sýnd.

Fyrirhuguð er kynning á stærri hundakynjum í mars

**4. Önnur mál**

- Fulltrúaráðsfundur – hafa hann 31. mars.
- Aðalfundur – stefnt að halda hann miðvikudaginn 5. maí - finna staðsetningu
- lagabreytingar

**5. Næsti stjórnarfundur 31. mars kl.16:00**